

hann fékk við lögin frá 19. janúarmán. þ. á. um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, en þar á móti sèu burtfallnir við lög þessi þeir 50 rd. á ári, er að undanfögnu hafa veittir verið öðrum dómáranum í yfirrættinum úr dómsmálasjóðnum, sem launaviðbót í eiginlegum skilningi.

1863.

9. júním.

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu.

16. júním.

Dómsmálastjórnin hefir veitt Valgerði á Grund, ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

Þetta er yður hærmeð kunngjört yður til leiðbeiningar, og til þess þær auglýsið það hlutaðeiganda.

44. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skýrslur um blindu.

18. júním.

Athygli stjórnarráðsins hefir leiðzt að því, að hingað ekki er send nein skýrsla um blindu á Íslandi, og að þaðan ekki hefir komið nein ósk um, að blindum mönnum væri veitt viðtaka á stofnun þá, sem hér er fyrir blindu, síðan sú stofnun komst á fót.

Til þess nú að stuðla til þess, að stofnun þessi einnig geti komið blindum mönnum á Íslandi að notum, sendir stjórnarráðið yður með bræfi þessu nokkur exemplör af lögum d. 21. janúarmán. 1857 um að stofna skóla handa blindum¹, til þess þær sendið

¹) Til skýringar um stofnun þessa skulu hér til færðar tvær greinir úr lagabodinu:

1. grein. Fyrir konungsríkið Danmörku skal stofna skóla handa blindum; á hann að geta veitt viðtöku að minnsta kosti 60, og á það að vera tilgangur hans að alla hinum blindu þess andlegs þroska og þeirrar kunnáttu, að vöntun sjónarinnar verði þeim svo léttbær, sem